

12. fundur ferðamálaráðs
26. maí 2016 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Þórey Vilhjálmsdóttir formaður, Ásbjörn P. Björgvinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Jón Ásbergsson og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála

1. Kynning á stjórnkerfi ferðaþjónustu í viðmiðunarlöndum Íslands

María Reynisdóttir, sérfræðingur á skrifstofu ferðamála í atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneyti kynnti samantekt um stjórnkerfi ferðaþjónustu í átta viðmiðunarlöndum Íslands. Samantektin er fyrsta skrefið í vinnu sem Stjórnstöð ferðamála er ætlað að útfæra í ljósi áherslu á samhæfingu, einföldun og aukna skilvirkni stjórnkerfis ferðaþjónustu á Íslandi í Vegvísi í ferðaþjónustu. Farið var yfir helstu straua í almennri þróun stjórnkerfis ferðaþjónustu í löndum innan OECD. Þá var farið yfir grunn uppsetningu stjórnkerfis ferðaþjónustu í Nýja Sjálandi, Ástralíu, Kanada, Bretlandi/Skotlandi, Noregi, Finnlandi, Frakklandi og Costa Rica. Skoðaðar voru helstu stofnanir sem koma að ferðaþjónustu, hlutverk þeirra og hvernig þær tengjast. Uppsetning stjórnkerfisins á Íslandi var skoðuð í samanburði, ásamt eldri tillögum um úrbætur frá erlendum ráðgjöfum.

Ákveðið var að fá Hörð Þórhallsson á næsta fund þar sem hann mun kynna hugmyndir Stjórnstöðvar ferðamála um mögulega endurskipulagningu stjórnkerfisins út frá reynslu hennar af víðtækri samvinnu við aðila innan þess undanfarna mánuði.

2. Staða verkefna hjá Stjórnstöð ferðamála

Hörður Þórhallsson fór stuttlega yfir það sem er efst á baugi hjá Stjórnstöðinni. Niðurstöður könnunar á mannafla- og fræðsluþörf í ferðaþjónustu hafa verið kynntar. Verið er að vinna áætlun um fjárþörf næsta árs og samantekt um mögulegar leiðir við gjaldtöku af ferðamönnum.

Fundi slitið kl. 12:50.